

Lestrar- og læsisstefna Snælandsskóla



Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Hlutverk skóla	4
Hlutverk foreldra	6
Hvernig mælir og metur skólinn stöðu nemenda.....	7
Bjargirnar okkar	8
ÍSAT kennslan (Íslenska sem annað tungumál).....	9
Skólasafn Snælandsskóla	10
Frístundarheimilið Krakkaland og félagsmiðstöðin IGLÓ.....	11
Hugtök og skilgreiningar sem tengjast grunnstöðum lestrar- og læsis í Snælandsskóla	12

Formáli

Læsis- og lestrarstefna Snælandsskóla byggir á áætlun um læsi í skóla og frístundarstarfi í Kópavogsbæ, útgefin 2025. Í þeirri áætlun er læsi skipt í sex flokka, talað mál, lestur og lesskilning, bókmenntir, hlustun og áhorf, ritun og málfræði og starfrænt læsi. Hverjum flokki fylgja leiðbeiningar og markmið. Eitt af markmiðum þar er að árið 2030 geti 90% nemenda sem útskrifast frá grunnskólum Kópavogs lesið sér til skilnings, en það þýðir meðal annars að nemandi nái fyrsta viðmiði (les 145 orð á mínútu) skv. [lesfimiviðmiðum](#) Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu fyrir útskrift í 10. bekk. Helstu aðgerðir áætlunar Kópavogsbæjar fela í sér að vinna með:

Talað mál: Að skapa málörvandi umhverfi og veita starfsfólki og foreldrum verkfæri til að styðja við málþroska barna.

Lestur og lesskilning: Að efla lestrarmenningu, auka orðaforða og hvetja börn til að njóta lestrar og ritunar.

Bókmenntir: Að kynna fjölbreyttan bókmenntaarf og þjálfar börn í að greina og túlka texta.

Hlustun og áhorfi: Að kenna börnum gagnrýna hlustun og áhorf, ásamt siðferði í samskiptum.

Ritun og málfræði: Að þjálfar börn í skipulegri og fjölbreyttri ritun.

Stafrænt læsi: Að kenna börnum á stafræna miðla og stuðla að ábyrgri netnotkun.

Í nútíma samfélagi þá er mikil umræða um læsi og getu nemenda til að lesa sér til skilnings. Snælandsskóli leggur sig fram við að efla lestrar- og læsisfærni nemenda, en nefnd hefur unnið að stefnu skólans, með fulltrúum stjórnenda, stoðþjónustu, kennara og bókasafnsins.

Læsis- og lestrarstefna Snælandsskóla er skrifuð með það að leiðarljósi að vera vegvísir læsis og lestrar í skólanum. Stefnan skiptist í nokkra hluta; útskýringar á læsi og lestri, hlutverki skóla og foreldra, kennslunni sjálfri, kennsluaðferðum og almennum lestri og loks hvernig mælitæki og mælikvarða eru nýttir til að meta árangur nemenda. Einnig eru nefnd viðmið um árangur, bjargir til að koma til móts við þá nemendur sem ekki ná markmiðum og áherslu sem skólinn leggur á kennslu íslensku sem annað tungumál. Að lokum er fjallað um áherslur Krakkalands og IGLÓ en í nýrri áætlun um læsi í skóla og frístundarstarfi frá Kópavogsbæ er einnig lögð áhersla á læsi á frístundarheimilum og í félagsmiðstöðum.

Læsis- og lestrarstefna Snælandsskóla var lögð undir kennarafund 4. júní 2025.

Hlutverk skóla

Í Snælandsskóla er metnaður fyrir því að nemendur nái árangri í öllum þáttum læsis. Skólinn setur sér markmið og viðmið um árangur. Eins og fram hefur komið þá tengist læsi mörgum þáttum eins og töluðu máli, lestri og lesskilningi, bókmenntun, hlustun, áhorfi, ritun, málfræði og stafrænu læsi. Í öllum árgöngum, á hverju skólaári er lögð áhersla á að efla læsi nemenda og undirbúa þau undir verkefni framtíðarinnar í nútímasamfélagi. Við leggjum áherslu á góðan grunn í lestri, lesum reglulega fyrir nemendur, vinnum lestrarhvetjandi verkefni, höfum reglulega lestrarátök og erum með gott úrval bóka á skólasafni.

Hér má sjá áherslur Snælandsskóla:

- Hljóðaaðferð er helsta lestrarkennsluaðferð skólans
- Fyrirkomulag við kennslu fylgir K-PALS og PALS aðferðarfræði á yngsta- og miðstigi
- Yndislestur í skólanum
- Heimalestur
- Unnið með lesskilning, bókmenntir, ritun og málfræði
- Unnið með hlustun, áhorf og stafrænt læsi
- Haldnar eru upplestrarkeppnir á yngsta- og miðstigi
- Í unglingadeild er lögð áhersla á stafsetningu, málfræði og lesskilning, auk þess sem unnið er með almennar bókmenntir, Íslendingasögur og bragfræði

Hér eru töflur með hversu oft er unnið með vissa þætti læsis:

Árgangur	1	2	3	4
Skólalestur/ PALS - lesið með félagi	Minnst þrisvar í viku	Minnst þrisvar í viku	Minnst þrisvar í viku	Minnst þrisvar í viku
Vinna með orðaforða/mál- og lesskilning	Alla daga	Alla daga	Alla daga	Alla daga
Frjáls lestur/yndislestur	Minnst þrisvar í viku	Minnst þrisvar í viku	Minnst þrisvar í viku	Minnst þrisvar í viku
Áhersla á framsagnarlestur		Leikrit	Leikrit	Leikrit
Lestrarsprettir	Að lagmarki einu sinni á önn	Að lagmarki einu sinni á önn	Að lagmarki einu sinni á önn	Að lagmarki einu sinni á önn
Lesið fyrir nemendur	Alla daga	Alla daga	Alla daga	Alla daga
Heimalestur	Fimm daga vikunnar	Fimm daga vikunnar	Fimm daga vikunnar	Fimm daga vikunnar

Árgangur	5	6	7
Skólalestur/ PALS - lesið með félaga	Minnst tvisvar í viku	Minnst tvisvar í viku	Minnst tvisvar í viku
Vinna með orðaforða/mál- og lesskilning	Alla daga	Alla daga	Alla daga
Frjáls lestur/yndislestur	Minnst þrisvar í viku	Minnst þrisvar í viku	Minnst þrisvar í viku
Áhersla á framsagnarlestur	Minnst einu sinni í viku	Minnst einu sinni í viku	Minnst tvisvar í viku Stóra upplestrarkeppnin
Lestrarsprettir	Að lagmarki einu sinni á önn	Að lagmarki einu sinni á önn	Að lagmarki einu sinni á önn
Lesið fyrir nemendur	Alla daga Nestistími	Alla daga Nestistími	Alla daga Nestistími
Heimalestur	Fimm daga vikunnar	Fimm daga vikunnar	Fimm daga vikunnar

Árgangur	8	9	10
Skólalestur	Minnst einu sinni í viku, lesið í lotum	Minnst einu sinni í viku, lesið í lotum	Minnst einu sinni í viku, lesið í lotum
Vinna með orðaforða/mál- og lesskilning	Alla daga	Alla daga	Alla daga
Frjáls lestur/yndislestur	Minnst einu sinni í viku	Minnst einu sinni í viku	Minnst einu sinni í viku
Áhersla á framsögn	Tvisvar til þrisvar á önn	Tvisvar til þrisvar á önn	Tvisvar til þrisvar á önn
Lestrarsprettir	Einu sinni á ári	Einu sinni á ári	Einu sinni á ári
Lesið fyrir nemendur	Íslendingasögur	Íslendingasögur	Íslendingasögur
Heimalestur	Bókabíngó	Valbækur og faggreinalestur	Valbækur og faggreinalestur

Hlutverk foreldra

Foreldrar/forsjáraðilar gegna mikilvægu hlutverki í læsi barna. Eins og í flestu þá skiptir æfingin miklu máli. Foreldrar bera ábyrgð á því að fylgja eftir heimalestri nemenda, að sitja með þeim og hlusta á þá lesa fyrir sig á hverjum degi. Mikilvægt er að foreldrar fylgi fyrirmælum kennara í heimalestri.

Foreldrar bera einnig ábyrgð á því að lesa fyrir börnin sín og að hjálpa þeim við val á bókum til að lesa. Það er mikill stuðningur þegar foreldrar láta sig varða lestrarátök skólans, taka jafnvel þátt og kíkja sjálfir í bók þegar nemendur sjái til. Bæjarfélagið státar af glæsilegu bókasafni í Hamraborg og við hvetjum foreldra til að nýta sér það vel.

Nokkur ráð til að hjálpa við lestrar- og læsisþjálfun nemenda

- Hlustaðu á barnið þitt lesa og spurðu það spurninga upp úr textanum.
- Spilaðu við barnið þitt og leyfðu því að lesa spjöld og fyrirmæli.
- Sýndu bókum áhuga. Lestu fyrir framan börnin þín.
- Horfðu á efni með barninu þínu og ræddu um efnið við barnið þitt.
- Ræddu við barnið þitt um merkingu orða og kynntu það fyrir nýjum orðum og hugtökum.
- Fræddu barnið þitt um fjölbreytt málefni til að ýta undir aukningu orðaforða, rökhugsun og gagnrýna hugsun. Nálgastu lestur barnsins eins og hvert annað tómstundarstarf.
- Lestu ljóð með barninu þínu. Lestur ljóða eykur orðaforða.
- Hlustaðu á hljóðbækur með barninu þínu og ræddu innihaldið.

Hvernig mælir og metur skólinn stöðu nemenda

Með lesfimiþrófum, sem eru stöðluð lestrarpróf frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS), er hægt að fylgjast með framþróun nemenda í leshraða. Markmið prófanna er að kanna hversu vel nemendur tileinka sér innihald texta og geta meðtekið upplýsingar og komið skilningi sínum frá sér.


Til þess að ná tökum á fumlásum lestri þá þarf nemandi að ná ákveðnum lestrarhraða. Þegar það tekst þá meðtekur nemandinn innihald textans í stað þess að mesta vinnan fari í að breyta hljóðum í orð. Niðurstöður prófanna eru nýttar til að grípa nemendur sem ná ekki tilteknum hraða. Stuðningsprófin á borð við *orðleysulestur* og *sjónrænn orðaforði* eru síðan notuð til að finna hvar skólinn kreppir þannig að hægt sé að grípa inn í með markvissri þjálfun ef á þarf að halda. Lesferill nemenda er því metinn út frá lesfimiþrófum og svo stuðningsprófunum *orðleysulestur* og *sjónrænn orðaforði*.

[Hér er tengill á lesfimiþömið MMS](#) ásamt útskýringum á lesfimiþrófunum.

Notuð eru eftirfarandi mælitæki við að meta stöðu nemenda:

- Lesfimiþróf eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Í Snælandsskóla eru prófin lögð fyrir alla nemendur á yngsta stigi þrisvar yfir veturinn til að fylgjast með framvindu á helsta mótunarskeiði nemenda í lestri og þegar framfarir geta verið hvað mestar hjá þeim. Á mið- og unglingastigi eru prófin lögð fyrir alla nemendur í september og maí, en í janúar eru þau lögð fyrir nemendur sem ná ekki viðmiði 2 í september mælingu. Er það gert til að meta framfarir hjá þeim nemendum miðað við þjálfun, stuðning og leiðbeiningar sem þeir hafa fengið.
- Leið til læsis – lesskimun fyrir 1. bekk í október.
- Orðleysa og sjónrænn orðaforði. Prófin eru lögð fyrir alla nemendur í 1. bekk í janúar en eftir það er viðmiðunarreglan sú að leggja stuðningsprófin fyrir nemendur sem eru undir og rétt yfir viðmiði 1 á lesfimiþrófi þar til viðunandi árangur næst eða skýring á slakri frammistöðu liggur fyrir.
- Stafakönnun. Lögð fyrir nemendur út frá niðurstöðu orðleysuprófa.
- Orðarún eða önnur lesskilningspróf.
- Stafsetningin í 9. bekk, GRP14.
- LOGOS, fyrir nemendur með grun um lesblindu.
- Milli mála próf er fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál og hjálpar það við að meta stöðu og framfarir nemenda.

Myndin sýnir hvernig lesfimiþróf eru notuð til að meta þörf fyrir nánari skoðun á lestrarfærni og íhlutun.



(Mynd fengin úr *Handbók um notkun lesfimi- og stuðningsþrófa Lesferils* frá MMS)

Bjargirnar okkar

Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiði 1, 50% nemenda nái viðmiði 2 og að 25% nemenda nái viðmiði 3 á lesfimiþrófum sem lögð eru fyrir í september, janúar og maí, sbr. lesfimiviðmið Miðstöðvar menntunar og skólapijónustu.

Ef nemandi nær ekki tilsettum viðmiðum þá kemur stoðþjónusta skólans að borðinu og deildarstjóri stoðþjónustu, ásamt sérkennurum skólans, finnur viðeigandi úrræði fyrir nemandann. Það fer eftir því hvers eðlis vandinn er hvaða úrræði verða fyrir valinu. Dæmi um úrræði er aukinn lestur undir umsjón kennara, sérkennslutímar og þjálfunaráttak í heimalestri. Einnig hjálpa upplestrarforrit, hljóðbækur, býflugnalestur, punktalestur og markviss vinna með orðaforða og lesskilning. Með tilkomu gervigreindarinnar opnast einnig á marga möguleika.

Það er mikilvægt að kennarar og stjórnendur séu vakandi yfir stöðu nemenda í lestri og læsi. Snemmtæk íhlutun og samvinna við foreldra/forsjáraðila er lykillinn að framförum í lestri.

ÍSAT kennslan (Íslenska sem annað tungumál)

Með breyttu landslagi íslenskra skóla, vegna fjölmenningarlegra áskorana hafa margir skólar verið að próa ÍSAT kennslu. Kennsla í íslensku sem annað tungumál er verkefni sem skólar landsins hafa tekið að sér enda mikilvægur þáttur í inngildingu nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Það er ekki svo langt síðan ÍSAT kennsla byrjaði að próast í flestum skólum landsins. Kennsla á íslensku sem annað tungumál var aðallega tengd vissum skólum höfuðborgarsvæðisins en er í dag mikilvægur þáttur í öllu skólakerfinu.

Lesfimiþróf eru einnig lögð fyrir ÍSAT nemendur þegar þeir hafa hafa færst upp af forstigi í íslenskunáminu. Er það m.a. gert til að meta framfarir hjá þeim þó að önnur viðmið um árangur geti átt við hjá þeim í stöðluðum lesfimiþrófum frá MMS.

Helstu áherslur í ÍSAT kennslunni.

- Að kenna nemendum markvisst að geta lesið, skilið og tjáð sig á íslensku.
- Að tryggja nemendum á forstigi öruggt skjól, en unnið er með nemendum eftir því á hvar þeir eru staddir í íslensku (forstig – 1. stig – 2. stig – 3. stig) [sbr. hæfniramma frá MMS](#).
- Að tryggja gott ÍSAT teymi í samstarfi við stjórnendur.
- Að koma á virku samstarfi með forráðamönnum.
- Að leggja stöðumat fyrir nýja nemendur að hausti, í janúar og að vori.
- Að leggja milli mála prófin fyrir nemendur í 1., 4., 7. og 9. bekk.

Skólasafn Snælandsskóla

Skólasafnið leggur áherslu á stuðning við lestrarnám nemenda og lestrarhvatningu nemenda á öllum stigum. Áhersla er lögð á að vekja áhuga á bókmenntum og bjóða upp á fjölbreytt lesefni við hæfi hvers og eins. Nemendur fá hjálp við val á lesefni bæði hvað varðar getu og áhuga. Nýjar bækur eru gerðar sýnilegar á safninu og nemendur fá að koma með hugmyndir um val á nýjum bókum sem keyptar eru á safnið.

Skólasafnið stendur fyrir árlegum rithöfundakynningum og skipuleggur skólasafnskennari ýmsa viðburði í skólanum tengda lestri, t.d. getraunir, ratleiki, jóladagatal og dagskrár á sal.

Í desember er jólakaffihús á safninu í samvinnu við heimilisfræðikennara. Þar er nemendum á yngsta stigi boðið upp á kakó og piparkökur. Nemendur á unglingastigi lesa jólasögur fyrir þau yngri og bera fram veitingar. Nemendum á miðstigi er boðið upp á jólakósí á skólasafni þar sem lesið er upp úr nýútkomnum bókum.

Skólasafnið stendur fyrir lestrarhvetjandi verkefnum og má nefna hið árlega verkefni á yngsta stigi *Lesum saman, korter á dag* sem er samvinnuverkefni skóla og heimila. Foreldrum og öðrum gestum er boðið í síðdegisopnun safnsins í tengslum við verkefnið.

Nokkrir lestrarklúbbar eru starfræktir á skólasafninu. Má þar nefna Drekaklúbbinn, Vinaklúbb, Tröllaklúbb og Draugaklúbb. Nýjasti klúbburinn er Ljósaseríuklúbburinn sem ætlað er að höfða til nemenda á miðstigi. Í lestrarklúbbunum er verið að þjálfa lesskilning þar sem nemendur þurfa að segja frá efni bókarinnar sem lesin er og fá nemendur ýmislegt smáræði að launum eftir lestur tiltekins fjölda bóka.

Frístundarheimilið Krakkaland og félagsmiðstöðin IGLÓ

Í Krakkalandi vinnum við markvisst með frístundalæsi og nýtum hugmyndir úr handbók sem nýtist sem hugmyndabanki fyrir fjölbreytt og skapandi starf með börnum. Við leggjum áherslu á að skapa lærdómsríkt og aðgengilegt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að þroskast í gegnum leik og þátttöku.

Hlutir eru merktir með orði og mynd, sem styður við málþroska, sjálfstæði og læsi. Börnin taka virkan þátt í því ferli og þannig verður umhverfið þeirra eigin.

Við leggjum áherslu á lestrarhvetjandi umhverfi og notum myndrænt dagskipulag, valtoflu og matseðil til að auka yfirsýn og öryggi barnanna. Með skýrum og sjónrænum upplýsingum vita þau hvað er framundan, hvaða valmöguleikar eru í boði og hvað er í matinn, sem styrkir sjálfstæði þeirra og þátttöku.

Við höfum bækur sýnilegar með kápuna fram til að vekja áhuga og hvetja til lestrar. Fánar upprunalanda barnanna eru einnig sýnilegir á frístundaheimilinu, sem styrkir sjálfsmýnd og tengingu við eigið menningarlegan bakgrunn.

Að auki fylgjumst við sérstaklega með börnum sem standa höllum fæti félagslega eða eru með íslensku sem annað mál. Við notum 10 mínútna regluna til að eiga meðvituð og uppbyggileg samskipti við þau daglega. Fjöltýngdum börnum gefst einnig tækifæri til að lesa fyrir starfsfólk 2–3 sinnum í viku, sem styður bæði við málþroska, lestrarnám og sjálfstraust.

Í félagsmiðstöðinni IGLÓ eru læsisáherslur í þróun.

Hugtök og skilgreiningar sem tengjast grunnstoðum lestrar- og læsis í Snælandsskóla

Bókabingó.

Aðferð til að leiðbeina nemendum í vali á mismunandi bókmenntum og leiðarvísir að fjölbreyttri verkefnavinnu.

Bókmenntir

Við leggjum áherslu á að kynna fjölbreyttan bókmenntaarf og þjálfar nemendur í að greina og túlka texta. Unnið er með fjölbreytt efni og kynningar á ýmsum tegundum bókmennta; ljóð, þjóðsögur og ævintýri. Einnig er unnið með íslenskar og erlendar bókmenntir sem fjalla um ólíka hópa sem nemendur geta tengt við og speglað sig í.

Á unglingastigi eru ákveðnar bækur (titlar) lesnar með nemendum í hverjum árgangi þar sem farið er í bókmenntahugtök og greiningu. Þar fer einnig fram kynning á íslenskum fornbókmenntum og eru lesnar útgáfur ætlaðar grunnskólum í hverjum árgangi.

Hljóðaaðferð (lestrarinnlögn). Er kennsla í heitum og hljóðum bókstafa og hvernig hljóðin tengjast saman í orð. Grundvallaratriðið er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Nemendur læra að hver stafur á sitt hljóð og með því að tengja hljóðin saman þá verða til orð. Nemendur umskrá orðin yfir í lestur með því að hljóða sig í gegnum texta.

Hlustun og áhorf

Það er mikilvægt að tileinka sér góðan skilning á því sem lesið er, en ekki síður að kunna að hlusta af athygli. Virk hlustun er færni sem nauðsynlegt er að kenna og þjálfar.

Margs konar verkefni miða að því að styrkja hlustun, áhorf, skilning, einbeitingu og úthald nemenda. Verkefnin eru valin með tilliti til áhugasviða nemenda sjálfra, til að auka þátttöku og dýpka þannig nám þeirra. Notast er við kvikmyndir, þætti og hlaðvörp í tengslum við námsefnið hverju sinni. Mikilvægt er að lesa fyrir nemendur og er kennurum ætlað að lesa framhaldssögur í tengslum við nestistíma í 1. - 7. bekk.

Hér má einnig nefna leiksýningar nemenda skólans, kynningar nemenda, upplestur og bekkjarfundir sem dæmi um þjálfun í virkri hlustun og áhorfi.

Leið til læsis.

Fjölpætt stuðningskerfi í lestrarkennslu. Stuðningskerfið er byggt á stöðluðum matstækjum sem gefa til kynna stöðu nemenda í lestri.

Lesferill

Lesferill er safn matstækja sem meta afmarkaða þætti læsis. Prófunum (*lesfimi* sem er staðlað upplestrarpróf og svo *orðleysa* og *sjónrænn orðaforði* sem eru stuðningspróf við lesfimi) er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning.

Lesfimi.

Staðlað upplestrarpróf sem mælir fjölda lesinna orða á mínútu. Lesfimi metur m.a. hversu vel nemendur tileinka sér innihald texta og geta meðtekið upplýsingar úr honum því við tiltekinn lestrarhraða meðtekur nemandinn innihald textans í stað þess að mesta vinnan fari í að breyta hljóðum í orð.

Lesskilningur.

Lesskilningur snýst um merkingarsköpun, að meðtaka það sem lesið er og leggja skilning í það. Tök á lestri eru nauðsynleg til að hægt sé að lesa sér til skilnings en fleira þarf til að lesskilningur sé tryggður, svo sem málskilning, bakgrunnsþekkingu, rökhugsun og ályktunarhæfni.

Lestur- og lesskilningur

Lestur byggir á tæknilegri færni og með aukinni lesfimi eykst orðaforði og skilningur. Unnið er með lestur og lesskilning á öllum stigum skólans. Áhersla er lögð á gagnvirkan lestur sem felur í sér virkt samtal milli kennara og nemenda eða nemenda innbyrðis. Þannig öðlast nemendur dýpri skilning á því sem lesið er. Á öllum stigum er lögð áhersla á lestur og margs konar vinnu með fjölbreyttan texta og þjálfun lesskilnings í öllum námsgreinum. Unnið er að því að auka lestrarþol nemenda og úthald, bæði í raddlestri / framsögn sem og hljóðlestri.

Mikilvægt er að efla lestraráhuga nemenda í gegnum áhugasvið þeirra og skapa góða lestrarmenningu í skólanum. Það er t.d. gert með lestrarstundum/yndislestri, skemmtilegum og lestrarhvetjandi verkefnum, lestrarsprettum, bókabíngó, rithöfundaheimsóknum og aðgengi að fjölbreyttu lesefni á bókasafni skólans.

Litla upplestrarkeppnin.

Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og stóra upplestrarkeppnin þar sem lagt er upp með að bæta lestur, munnlega tjáningu og framkomu. Áhersla er lögð á virðingu, vandvirkni og samvinnu. Allir nemendur árgangsins taka þátt og allir fá viðurkenningarskjal í lokin. Nemendur þjálfast í upplestri, kórlestri, framkomu og tjáningu.

Læsi

Læsi er hæfileiki til að skilja, túlka og nota upplýsingar úr rituðu, töluðu og sjónrænu máli. Læsi nær ekki aðeins til þess að geta lesið og skrifað heldur líka til gagnrýnnar hugsunar, sköpunar og samskipta í mismunandi miðlum og aðstæðum.

Orðarún.

Lesskilningspróf ætlað nemendum í 3.- 8. bekk og eru lögð fyrir tvisvar á hverju skólaári. Hvert próf inniheldur tvo texta og svara nemendur 20 spurningum úr textunum. Efni textanna þyngist eftir því sem nemendur eru eldri, orðum fjölgar og lettrið minnkar. Spurningar verða að sama skapi þyngri. Spurningar í Orðarún reyna í stórum dráttum á ferns konar færni: að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar. Að draga ályktanir af því sem ekki er sagt með berum orðum í texta. Að átta sig á meginefni texta og að útskýra orð og orðasambönd.

Orðleysulestur.

Staðlað stuðningspróf til að veita nánari upplýsingar um stöðu grunnaðferða í lestri. Lagt fyrir nemendur sem ekki ná ákveðnu viðmiði í lesfimiþrófum.

PALS.

Lestraraðferð þar sem lögð er áhersla á hljóð bókstafa, umskráningu, hljóðkerfisvitund og sjónrænan orðaforða. Nemendur vinna saman í pörum og skiptast á að vera þjálfarar og lesarar. Unnið er með sömu hljóð og nemendur eru að læra í hljóðaaðferðinni. Mikið er um endurtekningar sem stuðla að aukinni sjálfvirkni í lestri. Í verkefnum eru nemendur að greina hljóð, rím, samtengingu og sundurgreiningu. Síðar æfa nemendur sig í lestri heilla setninga sem innihalda orð sem þau hafa lært. Nemendur læra aðferðir til að leiðrétta og hrósa hvort öðru. PALS kennslustund skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá um framhaldið.

Ritun og málfræði

Ritun er nátengd læsi og mikilvægt að þjálfarar nemendur í skipulegri og fjölbreyttri ritun.

Skapandi skrif örva ímyndunarafl nemenda, efla tjáningu, byggja upp málskilning og styrkja hæfni til sjálfstæðrar hugsunar og sköpunar.

Að umorða texta og draga fram lykilatriði eru lykilhæfni sem efla lesskilning, ritun og munnlega tjáningu.

Oft er talað um að skrift og ritvinnsla séu verkfæri ritunar og er mjög mikilvægt að kenna og þjálfarar markvisst stafrátt bókstafanna, skrift og fingrasetningu. Góð fimi í skrift og fingrasetningu greiðir fyrir flæði í skapandi ritun.

Málfræði er mikilvæg fyrir skilning, tjáningu og ritun nemenda. Málfræðin er bæði kennd á hefðbundinn hátt en einnig í samhengi við notkun málsins, hvort heldur sem er ritaðs eða talaðs máls. Skilningur á íslenskri málfræði er einnig mikilvægt undirstöðuatriði fyrir nám í öðrum tungumálum.

Sjónrænn orðaforði.

Staðlað stuðningspróf til að veita nánari upplýsingar um stöðu grunnaðferða í lestri. Lagt fyrir nemendur sem ekki ná ákveðnu viðmiði í lesfimiþrófum.

Stafrænt læsi.

Unnið er með stafrænt læsi og ábyrga netnotkun í öllu námi. Tvisvar á vetri leggja umsjónarkennarar í öllum árgöngum fyrir efni frá kennsluráðgjöfum um stafræna borgaravitund. Í heimildavinnu er lögð áhersla á að meta áreiðanleika netheimilda. Einnig er unnið með upplýsingaóreiðu og falsfréttir.

Stóra upplestrarkeppnin.

Stóra upplestrarkeppnin hefur það að markmiði að vekja áhuga á vönduðum upplestri og framburði. Allir nemendur 7. árgangs taka þátt í undankeppni sem fer fram innan veggja skólans. Hápunktur keppinnar er síðan lokakeppnin þar sem fulltrúar skólans taka þátt í sameiginlegri keppni í öllum Kópavogi.

Talað mál.

Talað mál hefur bæði áhrif á námsárangur og félagslegan þroska. Talað mál er grunnur að lestri og ritun og er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að tjá sig munnlega, hlusta á aðra og þannig eykst málvitund þeirra og orðaforði. Áhersla á munnlega tjáningu hjálpar nemendum að setja fram eigin skoðanir sem og að virða skoðanir annarra. Í skólanum er lögð áhersla á nemendalýðræði; réttindaráð nemenda í 4. - 10. bekk í tengslum við UNICEF var stofnað til að efla frumkvæði og ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart sjálfum sér og hverjum öðrum. Í IGLÓ á unglingastigi starfar nemendaráð og tveir nemendur sitja í skólaráði.

Yndislestur.

Nemendur lesa í hljóði bók að eigin vali í u.þ.b. 10-15 mínútur á dag.